

Alþingi
Erindi nr. E 140/687
komudagur 1.12.2011

Umsögn sveitarfélaganna Blöndusóbæjar, Húnavatnshrepps og Sveitarfélagsins Skagafjarðar við þingskjal 36 – 36. mál:

„Tillaga til þingsályktunar um styttingu þjóðvegarins milli höfuðborgarsvæðisins og Norðausturlands með lagningu nýs vegar á svonefndri Svínavatnsleið.“

1. Aðalskipulag sveitarfélaganna

Í skipulagslögum er fjallað um stjórn skipulags-og byggingarmála. Þar kemur fram að frumkvæði og forræði varðandi gerð skipulagsáætlana er í höndum sveitarstjórna. Sveitarstjórn ber ætíð ábyrgð á skipulagsgerð sinni, hvort heldur um sé að ræða aðalskipulag eða deiliskipulag. Sveitarfélögum er skylt að vinna heildstætt aðalskipulag, sem taki til alls lands innan sveitarfélagsins og ber ábyrgð á því að lögum. Í samræmi við sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélagsins tekur sveitarstjórn ákvörðun um skilgreinda landnotkun í aðalskipulagi sínu og taki þá tillit til skipulagsáætlana aðliggjandi sveitarfélaga. Þannig er sjálfsákvörðunarrétturinn tryggður í skipulagslögum og 78. gr. stjórnarskrárinnar. Í tilviki Blönduóbæjar og Húnavatnshrepps er aðalskipulag sveitarfélaganna samhljóða hvað varðar samgöngumál í héraði. Þjóðvegur 1 skal liggja í núverandi vegstæði. Skipulagsvinnan hófst árið 2008 og er þetta niðurstaða sem fengin er með fundum sveitarstjórnar, íbúafundum og fundum með hagsmunaaðilum.

2. Efnahagsleg áhrif

Með því að leiða þjóðveginn framhjá Blönduósi er verið að höggva stórt skarð í rekstrargrundvöll margra fyrirtækja á Blönduósi. Mörg fyrirtæki á Blönduósi lifa að miklu eða öllu leyti á þjónustu við umferð sem um Blönduós fer. Norðurland vestra hefur þurft að horfa upp á fólksfækkun og neikvæðan hagvöxt undanfarin ár. Það er ljóst að ef þessi áform verða að veruleika mun það hafa veruleg neikvæð efnahags og byggðaráhrif.

Samfélagið á Blönduósi munar um hvert starf og hverja krónu. Þau fyrirtæki sem myndu verða fyrir barðinu á færslu vegarins eru: Veitingahús, gistihús, kaffihús, hótél, sumarhús, ferðapjónustuaðilar, ýmis þjónustufyrirtæki eins og sundlaug, setur og söfn í sveitarfélaginu.

Það er mikil einföldum á atvinnuháttum á Blönduósi að halda því fram að til bæta Blönduósi upp það tjón sem samfélagið verður fyrir er að „koma upp þjónustu fyrir vegfarendur sem bætti slíkan missi upp.“ Á Blönduósi hefur verið fjárfest fyrir á annan milljarð króna í ferðapjónustu á undanförunum 4 árum, má þar nefna sundlaug, veitingarhús, söfn/setur, tjaldsvæði og gistimöguleikar sem hafa verið stórefldir. Það sjá allir sem vilja sjá að með því að færa meginþunga umferðar frá Blönduósi mun það hafa afar mikil og neikvæð áhrif á umrædda fjárfestingu sem farið hefur verið í á undanförunum árum. Tekið skal fram að ekki hefur framkvæmd rannsókn á því sérstaklega hvaða efnahagslega þýðingu þessi tillaga hefur á sveitarfélögin á Norðuriandi vestra.

3. Umferðaröryggi og 28. gr. vegalaga

Í ársskýrslu Umferðarstofu fyrir árið 2010 er Langidalurinn hvergi nefndur á nafn í upptalningu yfir hættulegustu vegi og gatnamót 2006-2010. Litlar sem engar náttúrulegar hindranir eru í vegi fyrir því að hanna góðan og öruggan veg í Langadal. Sú fullyrðing Vegagerðarinnar að leggja þurfi annan veg í gegnum Austur-Húnavatnssýslu vegna umferðaröryggis stenst engan skoðun og hefur Vegagerðin vísað til 28. gr. vegalaga í því sambandi. Sveitarfélögin hafna því að 28. gr. vegalaga geti átt við. Í fyrsta lagi segir í 1. mgr. 28. gr. „*að vegir skulu lagðir*“. Ákvæði 28. gr. vísar þannig sýnilega til þess þegar leggja á nýjan veg. Skýra verður 2. mgr. í samhengi við ákvæði 1. mgr. enda segir í 2. mgr. að „*...ákvæða skuli legu þjóðvega*“. Vegur sá er sveitarfélögin reikna með í tillögu sinni að aðalskipulagi er nú þegar til staðar og ekki er verið að gera tillögu um lagningu hans. Þess vegar verður að gera þá kröfu á hendur Vegagerðinni að vegurinn uppfylli allar kröfur og staðla umferðaröryggis í núverandi ástandi. Engar fyrirtætlanir um breytingu á veginum um Langadal né lagningu nýs vegar í hans stað voru þannig fyrir hendi af hálfu sveitarfélaganna. Þegar af þeirri

ástæðu verður að telja útilokað að ákvæði 2. mgr. 28. gr. vegalaganna eigi við málinu.

Í ársskýrslu Umferðarstofu er Hringvegur Hvalfjarðargöng syðri endi með þeim hættulegustu vegaköflum landsins með 12,8 slys per km. Ef rökstuðningur Vegagerðarinnar og túlkun 28. gr. vegalaga yrði heimfært á Hvalfjarðargöngin þá væri ástæða á grundvelli umferðaröryggis að byggja ný jarðgöng yfir Hvalfjörðinn. Túlkun Vegagerðinnar á 28. gr. vegalaganna er verulega hæpin svo ekki sé dýpra í árina tekið.

4. Votlendi

Vegstæði á Svínavatnsleiðinni liggur yfir Orrastaðaflóa sem er dýrmætt votlendi fjölskrúðugs fugla og dýralífs. Ljóst er að ef af framkvæmdinni verður mun það hafa neikvæð áhrif á umhverfi og vistkerfi fugla.

5. Samgönguáætlun

Svínavatnsleiðin er ekki getið í samgöngugáætlun fyrir árin 2003 – 2014 eða drögum að samgönguáætlun árána 2011-2022. Í samanburði við tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun 2007-2018 eru nokkrar breytingar á stefnumiðum og áherslum um greiðar samgöngur í samgönguáætlun 2011-2022. Meginbreytingin felst í því að markmið um hámark ferðatíma til höfuðborgarsvæðisins er fellt út, áherslan er á styttingu ferðatíma innan hvers landsvæðis, þ.e. markmið um hámark ferðatíma til næsta atvinnu- og þjónustukjarna.

Þessar áherslubreytingar frá tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun 2007-2018 eru í samræmi við niðurstöður samráðs- og hugarflugsfunda með sveitarfélögum í landinu. Það var greinilegur vilji á umræddum fundum að leggja eigi áherslu á að bæta samgöngur innan landsvæða. Ferðatími íbúa á hverju landsvæði til þjónustukjarna og áreiðanleiki tíðari ferða eigi að hafa forgang, ferðatími til höfuðborgarsvæðisins skipti minna máli.

Í samanburði við tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun 2007-2018 eru stefnumið um jákvæða byggðapróun og tengdar áherslur svipaðar og áður. Helsta áherslubreytingin er sú að vísað er í markmið sóknaráætlunar

og áhersla lögð á samþættingu samgönguáætlunar við aðrar áætlanir með það að markmiði að efla einstök atvinnu- og þjónustusvæði. Á samráðs- og hugarflugsfundum með sveitarfélögum í landinu kom ítrekað fram að leggja ætti áherslu á samþættingu t.d. byggðaáætlana, samgönguáætlunar og áætlana sveitarfélaga til að fá sterkari framtíðarsýn. Þá væri það forsenda eflingar atvinnu- og þjónustusvæða og sameiningar sveitarfélaga að áhersla yrði á styttingu vegalengda innan einstakra landsvæða, m.a. með jarðgangagerð, auk áherslu á þjónustu til að tryggja áreiðanleika vegakerfisins.

Í undirbúningi að samgönguáætlun var það m.a. niðurstaðan að það væri mikilvægara að komast leiðar sinnar alla daga heldur en að komast leiðar sinnar á stuttum tíma. Í markmiði um jákvæða byggðapróun fælust því m.a. markmiðin um greiðar samgöngur, þar á meðal áreiðanlegar samgöngur, hagkvæmar samgöngur og öruggar, **með sérstakri áherslu á viðkomandi byggðalag.**

6. Framtíðin

Samgöngur á landi er einn mikilvægasti þátturinn í að tryggja búsetu og jákvæða byggðapróun í landinu öllu og er þjóðvegur nr. 1 gegnir þar lykilhlutverki.

Sveitarfélög á Norðurlandi vestra hafa með hliðsjón af því stefnumiði sem kemur fram í samgönguáætlun árána 2011-2022 verið að horfa til þess að tengja byggðirnar á Norðurlandi vestra betur saman og að tengja saman tvö stærstu atvinnusvæði landsbyggðarinnar Eyjafjörð og Skagafjörð með jarðgöngum um Tröllaskagann. Uppbygging vegar yfir Þverárfjall hefur beint sjónum sveitarstjórnarmanna á Norðurlandi vestra að því hvort ekki sé skynsamlegt að láta aðalþjóðveginn liggja um Þverárfjall, um Hegranes og Hjaltadal og loks í gegnum Tröllaskaga með jarðgöngum. Með þessari leið myndi nást viðlíka stytting og lagt er til í þingsályktunartillögunni. Aðalkostir Þverárfjallsleiðarinnar er að hún liggur í námunda við alla stærstu þéttbýlisstaðina á þessum slóðum og mjög nærri mikilvægum stöðum, t.d. háskólanum á Hólum. Þá liggur leiðin um Blönduós, umtalsvert nær Skagaströnd en nú er og í gegnum Sauðárkrók. Með henni mundu þessi

byggðalög tengjast betur en áður og styrkjast vegna áhrifa af meiri umferð og greiðari samgöngum. Byggðaleg áhrif þessarar leiðar yrðu mikil. Tillagan til þingsályktunar sem hér er til umfjöllunar felur í sér að vegurinn liggur í öllum tilvikum **fjær nefndum stöðum og auk þess yfir tvo fjallvegi Vatnsskarð (420 mys) og Öxnadalshéiði (540 mys).**

7. Lokaorð

Skipulagsvaldið er einn af hornsteinum sjálfsákvörðunarréttar sveitarfélaga. Sveitarfélögin Blönduósþær, Húnavatnshreppur og Sveitarfélagið Skagafjörður fara fram á það við Alþingi Íslendinga að bæði Alþingi og stofnanir ríkisins beiti sér ekki gegn þeirri stefnu sem mörkuð er í skipulagsáætlunum sveitarfélaga nema fyrir því liggur fram stefna sem mörkuð er af til þess bærum stjórnvöldum og staðfest af Alþingi. Það liggur ekki fyrir í þessu máli.

Í þessu sambandi má enda á III. kafla Skipulagslaga nr. 123 frá 2010. 10 grein. Greinin fjallar um landsskipulagsstefnu og framsetningu hennar. Þar segir m.a. að í landsskipulagsstefnu skuli samþætta áætlanir opinberra aðila um samgöngur, byggðamál, náttúruvernd, orkunýtingu og aðra málaflokka sem varða landnotkun og er hún útfærð með tilliti til skipulags landnotkunar með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Til grundvallar landsskipulagsstefnu skal leggja markmið laga þessara auk framangreindra áætlana. Þá skal eftir því sem við á hafa svæðis- og aðalskipulagsáætlanir sveitarfélaga til hliðsjónar. Þar sem vinna við gerð landsskipulagsstefnu er að hefjast er eðlilegt að hugsanlegar breytingar á samgöngukerfinu verði ræddar þar. Mynduð verði samræmd landsskipulagsstefna sem taki mið af skipulagsáætlunum sveitarfélaganna. Í þessu ljósi má segja að þingsályktunartillagan sé tímaskekkja.

Sveitarfélögin telja að með gerð vegganga milli Hjaltadals og Hörgárdals muni það sameina tvö stærstu þjónustu- og atvinnusvæði þéttbýlisstaða á Norðurlandi, Eyjafjörð og Skagafjörð. Slík vegaframkvæmd mun stytta þjóðveg 1 milli Akureyrar og Reykjavíkur á bilinu 8-17 km allt eftir því hversu miklar vegstyttingar verður ráðist í á þessari leið.

Það er ósk sveitarfélaganna að vilji sveitarfélaganna sé virtur. Vilji íbúa í sveitarfélögunum stendur til þess að skoða aðra möguleika í vegstyttingum milli héraða á Norðurlandi vestra. Eitt af markmiðum stjórnmalanna hefur verið að efla íbúalýðræði þessa lands. Verði þessi tillaga samþykkt gengur það þvert gegn því markmiði.

Blönduósi 30. nóvember 2011

Arnar Þór Sævarsson, Bæjarstjóri Blönduósbæjar

Jens Jensson, Sveitarstjóri Húnavatnshrepps

Ásta Pálmadóttir, Sveitarstjóri Sveitarfélagsins Skagafjarðar